

Heildstætt kennsluverkefni í leiklist úr sögunni *Egill* eftir Torfa Hjartarson

Markmiðið með kennsluverkefninu er að auka orðaforða nemenda ásamt því að kynna söguna um Egil Skallagrímsson fyrir ungum nemendum.

Aldur: Yngsta stig.

Áherslur í námskrá: Íslenska, talað mál og hlustun, leiklist.

Kennsluaðferðir: Umræður, kyrrmyndir, spuni, hljóðmynd, frásögn, hugsa/ræða/deila, kastljósið, líkamlegt leikhús, kennari í hlutverki.

Útskýringar kennsluaðferða fylgja með

Kveikja: Kennari spyr nemendur hvort þeir viti eitthvað um víkinga. Hvað eru víkingar? Hvenær voru þeir uppi?

Frásögn: Einu sinni var strákur sem hét Egill. Hann fæddist á Borg á Mýrum í Borgarfirði. Hann var með svartar augabrúnir sem voru frægar í sveitinni. Aðrar eins augabrúnir hafa ekki sést á nokkrum krakka. Þegar Egill gretti sig urðu þær eins og tveir reiðir kettir; þær settu upp kryppu og hárin risu út í loftið. Egill varð svo ferlegur í framan að sumu fólki varð um og ó.

Kyrrmynd: Nemendur búa til kyrrmyndir af reiðum köttum sem setja upp kryppu. Sýna hvert öðrum sínar kyrrmyndir.

Frásögn: Egill lék sér líka oft að því að láta augabrúnirnar vega salt. Þá fór önnur augabrúnin niður á kinn en hin hátt uppá enni. Svo fór sú sem var uppi niður og sú sem var niðri fór upp. Alveg eins og krakkar að vega salt.



Líkamsleikhús: Nemendum er skipt upp í hópa (sex í hverjum hópi). Hver hópur býr til vega-salt. Ekki má nota nein hjálpargögn. Þau verða að búa til vega-saltið úr hvert öðru.

Frásögn: Egill gat líka rekið út úr sér tunguna og rennt henni upp á nef. Þá hló mamma hans og sagði: „Þú verður skáld.“ Mamma hans Egils var mjög hrifin af skáldum. Hún fékk alltaf firðing í hnén þegar hún hitti skáld.

Umræður: Hvað þýðir að vera skáld? Geta allir orðið skáld? Hvað þarf maður að kunna til að vera skáld?

Skapandi skrif eða ljóð: Kennari biður nemendur að hugsa um sveitina sem Egill býr í. Hvað er sveit? Kennari biður einn nemenda um að segja sér eitt orð sem getur átt við sveit sem hann skrifar niður, næsti nemandi segir eitthvað annað (t.d. fjall), næsti segir gras og svo koll af kolli. Áríðandi er að leyfa nemendum að segja sín orð þó svo að þau passi ekki endilega við sveitina. Kennari þarf að skrifa öll orðin niður. Úr verður ljóð sem allir tóku þátt í að skapa. Þannig að í raun geta Allir orðið skáld. Hægt er að bæta hreyfingum við þannig að einn les ljóðið og hinir hreyfa sig.

Frásögn: Annars rak Egill oftast bara tunguna framan í pabba sinn. Hann bara ullaði framan í hann. Þá hló mamma hans enn meira og sagði: „Þú verður víkingur.“

Umræður: Munið þið hvað við ræddum um víkinga áðan? Af hverju heldur mamma hans að hann verði víkingur?

Frásögn: Mamma Egils var nú dálítið skrítin en pabbi hans var allt öðruvísi. Hann hló næstum aldrei. Aftur á móti var hann með frábæran skalla. Stundum tók hann Egil á háhest. Þá sá Egill andlitið á sér speglast á skallanum.



Kyrrmyndir: Nemendur búa til kyrrmyndir af pabba og mömmu Egils. Hvernig eru þau ólík?

Frásögn: Pabbi hans Egils hét Grímur en hann var alltaf kallaður Skalla-Grímur. Það nafn festist við hann þegar hann missti allt hárið þegar hann var ungur maður. Mamma Egils hét Bera. Þau bjuggu á sveitabæ sem heitir Borg. Þar var alltaf nóg að gera. Fólkið á Borg mjólkaði, veiddi, eldaði, þvoði og þreif úti og inni. Það leit eftir skepnunum, smíðaði tól og tæki úr járni og tré, og bjó til föt og skó úr ull og skinum.

Kyrrmyndaleikhús: Nemendum er skipt upp í fjóra hópa.

Hópur eitt býr til kyrrmynd af fólki sem mjólkar, veiðir og eldar
Hópur tvö býr til kyrrmynd af fólki sem þrífur úti og inni
Hópur þrjú býr til kyrrmynd af fólki sem hugar að skepnunum
Hópur fjögur býr til kyrrmynd af fólki sem smíðar tól og tæki og býr til föt og skó úr ull og skinum

Hver hópur getur búið til þrjár kyrrmyndir. Hægt er að sýna kyrrmyndirnar hverja á eftir annarri eða að biðja nemendur um að fara rólega (mjög hægt) úr fyrstu kyrrmynd í næstu og síðan í þá þriðju. Þannig skapast ákveðið flæði í kyrrmyndaleikhúsi.

Ferðalangur: Kennari (sem ferðalangur) færir sig á milli nemenda og snertir þá á öxlina. Þegar kennari snertir viðkomandi nemenda vaknar hann til lífsins. *Kennari spyr þá: „Hver ert þú? Hvað ert þú að gera?“*

Frásögn: Egill heimtaði alltaf að fá að gera það sama og þeir fullorðnu. Honum lá svo á að verða stór. Stundum fékk hann það sem hann vildi en stundum ekki. Einu sinni fékk hann ekki að fara með í ferðalag til afa síns á Álftanesi sem hafði boðið til veislu.

Umræður: Af hverju lá Agli á að verða stór? Hvað gerist þegar maður verður stór? Af hverju fær maður ekki allt sem maður vill?



Kastljósið: Einn nemandi situr fyrir svörum sem Egill. Hann sest á stól fyrir framan hópinn. Hann þarf að svara spurningum (sem persónan Egill) og útskýra fyrir samnemendum sínum af hverju vill hann verða stór.

Frásögn: Úti á hlaði var verið að leggja á hestana. Hundar geltu, hænur gögguðu og hestar blésu og hristu sig.

Spuni og hljóðmynd: Nemendur leika dýrin með tilheyrandi hljóðum þegar verið er að undirbúa ferðalagið.

Frásögn: Egill var viss um að veislan yrði skemmtileg. Á Borg var ekki talað um annað í marga daga. Egill heimtaði að fá að fara með. Skalla-Grímur sagði: „*Nei, þú ert of frekur og svo ertu líka allt of lítill.*“ Bera, mamma hans, hló og kinkaði kolli.

Kastljósið: Einn nemandi situr fyrir svörum sem Skalla-Grímur. Hann sest á stól fyrir framan hópinn. Hann þarf að svara spurningum (sem Skalla-Grímur) og útskýra fyrir samnemendum sínum af hverju Agli er bannað að fara í veisluna. Einnig er hægt að bjóða Beru að setjast í kastljósið og spyrja hana af hverju Egill fær ekki að fara með í ferðalagið? Þetta er afi hans, má hann ekki hitta afa sinn?

Frásögn: Þegar Egill heyrði þetta varð hann svo reiður að augun skutu gneistum. Hann var eins og lítill reiður dreki. Hann hefði helst viljað spúa eldi og brennisteini. „*Þú verður víkingur*“ sagði Bera, „*Já, hann er frekur hlunkurinn*“ sagði Skalla-Grímur og steig á bak hesti sínum. Allir vissu hvað Egill var frekur en hins vegar vissi enginn hvað hann var þrjóskur.

Umræður: Umræður um það sem nemendurnir voru að hlusta á. Hvað er að vera frekur? En þrjóskur? Hversu reiður er maður sem vill helst spúa eldi og brennisteini?



Kyrrmyndir og hljóð: Hver og einn nemandi býr til kyrrmynd af reiðum dreka. Síðan bæta þeir hljóði við.

Frásögn: Þegar hópurinn var farinn gekk Egill einn út í móa. Hann ætlaði í veisluna sama hvað hver segði. Hann fann sér hest og flýtti sér á bak. Hópurinn var horfinn. Hvernig átti hann að rata heim til afa síns?

Hugsa/ræða/deila: Kennari spyr: „*Hvernig á Egill að komast til afa síns?*“ Nemendur í þörum ræða saman um hugsanlegt svar við spurningu kennarans. Þörin eiga síðan að kynna sína hugmynd fyrir hinum hópunum. Lausnin þarf að vera raunsæ. Ekki er hægt að nota töfra eða síma og þess háttar. Kennari getur sýnt nemendum á landakorti vegalengdina frá Borg á Mýrum í Borgarfirði að Álftanesi þar sem afi hans býr.

Paravinna: Nemendur búa til stutta senu út frá þeirri hugmynd sem þau kynntu. Þörin verða að ræða málin og komast að samkomulagi um þann spuna sem þau ætla að sýna. Síðan deila þörin spunanum sínum með öðrum í bekknum.

Frásögn: Allt í einu brosti Egill. Hann sá glampa á skalla langt úti á mýrunum. Þetta var Skalla-Grímur og Bera. Egill elti skallann allan daginn og langt fram á kvöld. Stundum datt hann af baki en hann gafst ekki upp. Hann var of þrjóskur. Á Álftanesi var allt fólkið inni í bæ að skemmta sér. Allt í einu varð dauðapögn. Egill stóð og horfði á fólkið. Hann var grár af þreytu og svartur af skít. Hann var eins og draugur dreginn upp úr gröf. Afi Egils var sá eini sem þekkti hann.

Samviskugöng: Nemendur stilla sér upp í tvær raðir þannig að það myndast göng á milli. Þeir snúa andlitinu inn í göngin inn á við. Báðar raðir eru í hlutverki gestanna í veislunni hjá afa Egils.



Kennari í hlutverki Egils: Kennarinn gengur hægt í gegnum göngin. Hvað heyrir hann? Um hvað er fólk að tala um í veislunni? Önnur röðin hrósar Agli, segir hann duglegan og hugaðan að koma alla þessa leið einn. Hin röðin segir hann vera frekjuhlunk og þrjóskan. Hvað er það sem Egill heyrir?

Frásögn: Afi leiddi Egil inn í stofu og lét hann setjast niður hjá sér. Þá sáu allri hver þetta var. Enginn sagði neitt. Egill sagði heldur ekki neitt. Honum var heitt í framan. Hann var að springa af monti. Afi hann hafði tekið vel á móti honum. Hann ákvað að búa til vísu áður en veislan var á enda. Hún átti að vera handa afa.

Umræður: Er allt í lagi að óhlýðnast foreldrum sínum? Af hverju ekki? Mega börn vera að þvælast ein allan daginn eins og Egill? Af hverju þarf maður að fara eftir reglum?

Frásögn: Það er langt síðan Egill bjó á Borg. Hann fæddist um 910 og lést um 990. Það er ekkert víst að sagan hafi verið svona eins og við erum búin að lesa hana. Það er heldur ekkert víst að hún sé eins og sagt er frá í Egils-sögu. En það er vitað að Egill var mikill víkingur og gott skáld.

Tónlist: Fáíð nemendur til að búa til tónlist við vísuna sem hentar vísunni: (Vísuna hér að neðan orti Egill þegar hann var sjö ára gamall)

Egill hafði verið í fótbolta með vini sínum. Egill var eins og þið vitið þrjóskur og þver. Allir krakkarnir í sveitinni pössuðu sig á því að lenda ekki í Agli. Einu sinni lenti Egill á móti eldri dreng sem hét Grímur og var sá strákur miklu sterkari en Egill. Grímur gekk hart fram gegn Agli og endaði það með slagsmálum þeirra á milli.

Þennan hluta þarf ekki að segja nemendum nema kennari vilji. (Keyrði Grímur Egil niður „fall“ mikið og lék hann heldur illa og kveðst mundu meiða hann, ef hann kynni sig eigi. Egill fór þá til vinar síns og fékk hjá honum öxi, gekk að Grími og hjó hann banahögg).



Þegar Egill kom heim lét Skalla-grímur, faðir hans, sér fátt um finnast en Bera, móðir hans, kvað Egil vera víkingsefni og kvað það mundi fyrir liggja, þegar hann hefði aldur til, að honum væri fengið herskip. Þá kvað Egill þessa vísu:

Það mælti mín móðir

Það mælti mín móðir,
að mér skyldi kaupa
fley og fagarar árar,
fara á brott með víkingum,
standa upp í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svo til hafnar,
höggva mann og annan.
Egill Skallagrímsson.

Orðskýringar: Fley = hraðskreitt skip , Stafn = fremsti hluti skips, Dýr = mikilfenglegur, Knerri = skip fornanna

Myndsköpun: Setjið stóra örku af maskínupappír á gólfíð ásamt fullt af litum. Kennari biður nemendur um að teikna Egil, foreldra hans, sveitabæinn, dýrin og fjöllin á pappírinn. Þeir skiptast á, fimm til sex í einu eða öll; það fer eftir því hvað þau eru mörg að teikna. Smám saman verður þeirra eigin Egilssaga til.

Sýning: Hægt er að sýna foreldrum söguna og láta nemendur kynna söguþráðinn með því að sýna myndina. Einnig geta þau flutt vísuna með sínum hætti.